

Mál nr. 302/2018

**M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar**

Eignatjón vegna vatns 18.6.2018.

Gögn.

Málskot, mótttekið 4.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Bréf V, dags. 31.10.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Bréf lögmanns M, dags. 5.11.2018, ásamt myndum.

Málsatvik.

M segir að börn hennar hafi verið á leik með vatnsslöngu á palli og inni í stofu og hafi orðið eignatjón vegna þess. M krefst bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V og segir að tjónið hafi orsakast vegna vatns sem átti upptök sín innan veggja hússins. M vísar í grein 9.1.1 í vátryggingaskilmálum þar sem segir m.a. að vátryggingin bæti tjón vegna vatns sem streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja hússins. M segir að vatnsslangan sem um ræðir sé tengd vatnslögn sem streymi úr leiðslum hússins. V hafnar bótaskyldu og segir að garðslangan sem að um ræðir sé tengd krana sem sé utanhúss eins og slangan. V segir að ekkert í gögnum málsins styðji þá málsatvikalýsingu að börn hafi verið innanhúss með slönguna þegar þau ollu tjóninu og vatnsstreymið hafi átt upptök sín utanhúss og tjón M því ekki bótaskyldt sbr. ákvæði 9.1.7. í vátryggingaskilmálum þar sem bótaskylda vegna utanaðkomandi vatns er undanskilið.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið, að börn M hafi verið að leika sér með garðslöngu, sem er tengd við krana sem staðsettur er utanhúss. Í umrætt sinn segir M að svalahurð hafi verið opin og vatn lekið inn á parketlagt gólf og valdið skemmdum. Þar sem vatnið sem olli tjóninu kom úr krana sem staðsettur er utanhúss verður ekki séð að skilyrði bótaskyldu skv. grein 9.1.1. fasteignatryggingarinnar séu fyrir hendi þar sem upptök vatnsstreymisins var utanhúss en ekki innanhúss. M á því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.11. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.